

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 365/2010

2012/EES/7/50

frá 28. apríl 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli að því er varðar iðrabakteríur í gerilsneyddri mjólk og öðrum gerilsneyddum mjólkurafurðum í fljótandi formi og *Listeria monocytogenes* í matarsalti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli ⁽²⁾ er mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tiltekna örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafrýrtækja verða að uppfylla þegar þeir hrinda almennum og sértækum ráðstöfunum um hollustuhætti, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, í framkvæmd.
- 2) Samkvæmt 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 2073/2005 skal endurskoða örverufræðilegar viðmiðanir með tilliti til framfara í vísindum, tækni og aðferðafræði, nýrra sjúkdómsvaldandi örvera í matvælum og upplýsinga úr áhættumati.
- 3) Í 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 eru settar fram matvælaöryggisviðmiðanir að því er varðar *Listeria monocytogenes* í tilteknum tilbúnum matvælum. Í 1.3 hluta er kveðið á um viðmiðunarmörk fyrir tilbúin matvæli, sem geta ekki stuðlað að vexti *L. monocytogenes*, önnur en þau sem ætluð eru ungbörnum og til notkunar í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi. Stjórnendum matvælafrýrtækja ber að færa sönnur á að afurðir, sem eru settar á markað, uppfylli viðmiðanir á geymsluþolstíma þeirra.
- 4) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur

og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽³⁾ er matarsalt tilbúin matvæli. Samkvæmt rannsóknaniðurstöðum er ósennilegt, við eðlilegar aðstæður, að *L. monocytogenes* komi fyrir eða lifi í salti. Því skal bæta matarsalti við 4. neðanmálsgrein í 1. kafla I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 þar sem talin eru upp þau tilbúna matvæli sem þurfa ekki að gangast undir reglubundnar prófanir vegna *L. monocytogenes*.

- 5) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2073/2005 gildir viðmiðun varðandi hollustuhætti í framleiðsluferlinu um iðrabakteríur í gerilsneyddri mjólk og öðrum gerilsneyddum mjólkurafurðum í fljótandi formi, þ.m.t. tilvísunargreiningaraðferð og viðmiðunarmörk.
- 6) Komið hefur í ljós að erfitt er að nota tilvísunargreiningaraðferðina ISO 21528-1, sem sett er fram vegna iðrabaktería í gerilsneyddri mjólk og öðrum gerilsneyddum mjólkurafurðum í fljótandi formi, þegar framkvæmdar eru venjubundnar greiningar við eigin athuganir þar eð hún er afar erfið og tímafrek. Vegna þróunar á sviði aðferðafræðinnar skal breyta tilvísunargreiningaraðferðinni, sem er notuð fyrir iðrabakteríur í gerilsneyddri mjólk og öðrum gerilsneyddum mjólkurafurðum í fljótandi formi, í ISO 21528-2 sem er fljótlegri og auðveldari í framkvæmd.
- 7) Tilvísunargreiningaraðferðir hafa áhrif á niðurstöður úr prófunum. Því þarf að breyta viðmiðunarmörkum fyrir iðrabakteríur í gerilsneyddri mjólk og öðrum gerilsneyddum mjólkurafurðum í fljótandi formi til samræmis við það. Breytingin mun þó tryggja fullnægjandi greiningarmörk að því er varðar hollustuhætti í framleiðsluferlinu þar eð líkleg vandamál í vinnsluferlinu myndu orsaka mun hraðari vöxt iðrabaktería.
- 8) Vegna nýlegra breytinga í flokkunarfræði skal breyta heitinu *Enterobacter sakazakii* í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 í *Cronobacter* spp. (*Enterobacter sakazakii*).
- 9) Sum ákvæðanna giltu til 1. janúar 2010 og ný ákvæði, sem þegar er mælt fyrir um í reglugerðinni, munu gilda þaðan í frá. Til að gera þessi ákvæði læsilegri þykir rétt að fella brott gömlu ákvæðin.
- 10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2073/2005 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 107, 29.4.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 22.12.2011, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2073/2005 er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 1. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað línu 1.5 komi eftirfarandi:

„1.5 Hakkað kjöt og unnar kjötvörur úr alifuglakjöti sem er ætlað til neyslu eftir eldun	<i>Salmonella</i>	5	0	Finnst ekki í 25 g	EN/ISO 6579	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra“
--	-------------------	---	---	--------------------	-------------	---

b) Í stað línu 1.9 komi eftirfarandi:

„1.9 Kjötafurðir úr alifuglakjöti sem er ætlað til neyslu eftir eldun	<i>Salmonella</i>	5	0	Finnst ekki í 25 g	EN/ISO 6579	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra“
---	-------------------	---	---	--------------------	-------------	---

c) Í stað línu 1.24 komi eftirfarandi:

„1.24 Ungbarnablöndur í duftformi og þurrkað sérþæði sem er notað í sérstökum lækisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn undir sex mánaða aldri ⁽¹⁴⁾	<i>Cronobacter</i> spp. (<i>Enterobacter sakazakii</i>)	30	0	Finnst ekki í 10 g	ISO/TS 22964	Afurðir sem settar eru á markað á geymsluþolstíma þeirra“
---	---	----	---	--------------------	--------------	---

2. Eftirfarandi undirliður bætist við 4. neðanmálgrein í 1. kafla:

„— matarsalt“

3. Ákvæðum hluta 2.2 í 2. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað línu 2.2.1 komi eftirfarandi:

„2.2.1 Gerilsneydd mjólk og aðrar gerilsneyddar mjólkurafurðir í fljótandi formi ⁽⁴⁾	Iðrabakteríur	5	0	10 cfu/ml	ISO 21528-2	Við lok framleiðsluferlisins	Könnun á skilvirkni hitameðhöndlunar og varnir gegn endurmengun og eftirlit með gæðum hráefnanna“
---	---------------	---	---	-----------	-------------	------------------------------	---

b) Í stað 2. neðanmálgreinar komi eftirfarandi:

„⁽²⁾ Að því er varðar liði 2.2.1, 2.2.7, 2.2.9 og 2.2.10 m=M“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO
